

Svar

innviðaráðherra við fyrirspurn frá Steinunni Þóru Árnadóttur um einkaflug á Reykjavíkflugvelli.

1. *Hver er fjöldi lendinga einkaþotna og þyrlna í einkaeigu á Reykjavíkflugvelli?*

Tafla 1 í fylgiskjali I sýnir hreyfingar á Reykjavíkflugvelli og meðalfjölda farþega í hverri vél. Engin ein skilgreining er til á því hvað telst vera einkaþota og umferð þeirra því ekki sérgreind í útgefnum flugtölum.

Árið 2023 voru alls 44.596 skráðar hreyfingar á Reykjavíkflugvelli og þar af eru 24.109 hreyfingar skráðar í gagnagrunn Isavia – annað eru snertilendingar og æfinga- og kennsluflug ásamt litlum einkaflugvélum sem fara ekki inn í grunninn.

Þessar tölur voru greindar frekar og afmarkaðar við hreyfingar hjá ákveðnum þekktum stærðum loftfara sem geta talist einkaflugvélar og voru merktar sem almannaflug og eru tölurnar byggðar á ákveðnum hreyflattegundum sem Isavia sérgreindi fyrir samantekt þessa. Bent er á að um hreyfingar er að ræða en ekki landingar. Samanlagt voru 2.003 hreyfingar skráðar sem almannaflug og þar af 913 hreyfingar hjá eins hreyfils vélum, 431 hreyfing hjá tveggja hreyfla vélum og 659 hreyfingar skráðar hjá þotum. Af þyrluflugi voru 9.114 hreyfingar skráðar sem leiguflug og 24 sem almannaflug.

2. *Hver er meðaltalsfjöldi farþega í hverri þotu og þyrlu?*

Vísað er til töflu 1 í fylgiskjali I.

3. *Hvaða þjónustugjöld eru innheimt af vélunum?*

Þjónustugjöld sem innheimt eru af vélunum eru eftirfarandi: Lendingargjald, farþegagjöld, stæðisgjald, flugverndargjald og gjald fyrir þjónustu utan opnunartíma. Nánari upplýsingar um þjónustugjöld má sjá í fylgiskjali II og í gjaldskrá: <https://www.isavia.is/media/1/gjaldskra-innanlandsflugvallar-2024.pdf>. Flugleiðsögugjöld kunna einnig að vera innheimt eins og við á: <https://ans.isavia.is/um-okkur/gjaldskra>.

4. *Hver er kostnaðurinn vegna lendingu vélanna?*

Kostnaður er ekki sérgreindur eða sundurliðaður í bókhaldi út frá tegund flugs eða loftfars.

5. *Hvaða fyrirtæki þjónusta vélarnar og farþega þeirra?*

ACE FBO Flight Services og Reykjavík FBO.

6. *Er gerð krafa um að vélarnar þurfi að uppfylla tiltekin umhverfisskilyrði, þ.m.t. um kolefnisspor?*

Eftirfarandi kröfur sem sýndar eru í töflu 2 og eru í flugmálahandbók Reykjavíkflugvallar fjalla um skilyrði sem vélar þurfa að uppfylla svo heimilt sé að lenda á Reykjavíkflugvelli. Ekki er gerð krafa varðandi kolefnisspor. Sjá einnig flugmálahandbók 2.21.1: eAIS Package for Iceland published on 22 MAR 2024 ([isavia.is](https://www.isavia.is))

2.21.1. Almenn
<p>1. Eftirfarandi loftförum er óheimilt að nota flugvöllinn:</p> <ol style="list-style-type: none"> Öllum þotum sem ekki uppfylla kröfur fyrir stig 3, í samræmi við ICAO Viðauka 16, bindi 1, kafla 3; Skrúfuloftförum með hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg og sem hafa ekki hávaðavottorð eða uppfylla ekki skilyrði ICAO Viðauka 16, bindi 1, kafla 3, 5, 6 eða 10.
<p>2. Eins hreyfils loftför á sjónflugsleiðum skulu leitast við að halda 1500 fetum (1000 fetum á leið 6) innan flugstjórnarsviðs. Sé það ekki hægt gilda almenn sjónflugslágmörk.</p>
<p>3. Eins hreyfils loftför með skiptiskrúfu skulu leitast við eins og við verður komist að minnka hávaða við flug í nágrenni flugvallarins.</p>
<p>4. Uppkeyrslur, eftir viðhald, eru leyfðar á eftirtöldum tímabilum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Mánudaga - föstudaga 0800 - 2200 • Helgar og almennir frídagar 1000 - 1800. <p>Viðhaldsuppkeyrslur eru takmarkaðar eins og unnt er á almennum frídögum.</p>
<p>5. Notkun á aukaafstöð í meira en 20 mínútur fyrir flugtak eða eftir landingu er bönnuð. Slökkva verður á aukaafstöð um leið og vararafmagn fæst.</p>

Tafla 2 sýnir yfirlit úr flugmálalagabók Reykjavíkurflugvallar yfir skilyrði sem vélar þurfa að uppfylla svo heimilt sé að lenda.

7. Á hvaða tíma sólarhrings lenda vélarnar á Reykjavíkurflugvelli? Svar óskast sundurliðað.

Flugstjórnarþjónusta (ATC) er veitt alla virka daga milli: 07:00–23:00. Um helgar og á almennum frídögum: 08:00–23:00. Aðfangadagur og gamlársgdagur: 07:00–16:00. Ekki er þjónusta á nýársdag, páskadag eða jóladag. Reykjavíkurflugvöllur er lokaður annarri umferð utan þjónustutíma.

Flugumferðarþjónusta (AFIS) er veitt utan þjónustutíma ATC gegn gjaldi eingöngu fyrir:

- Sjúkra og neyðarflug.
- Flug Landhelgisgæslu Íslands.
- Millilandaflug sem notar flugvöllinn sem varaflugvöll.
- Lendingar áætlunarflugs sem hefur orðið fyrir ófyrirséðum töfum.
- Flug vegna mannúðarmála.

Fylgiskjal I.

Skráðar hreyfingar á Reykjavíkurlflugvelli.

Tafla 1 í fylgiskjali 1 sýnir hreyfingar á Reykjavíkurlflugvelli og meðalfjölda farþega í hverri vél.

1 hreyfis vél / teg. flugs	2020				2021				2022				2023				1.1 - 31.5 2024			
	Fjöldi hreyf.	Fjöldi farþega	Meðaltal pr.vél	Utan opn. tíma	Fjöldi hreyf.	Fjöldi farþega	Meðaltal pr.vél	Utan opn. tíma	Fjöldi hreyf.	Fjöldi farþega	Meðaltal pr.vél	Utan opn. tíma	Fjöldi hreyf.	Fjöldi farþega	Meðaltal pr.vél	Utan opn. tíma	Fjöldi hreyf.	Fjöldi farþega	Meðaltal pr.vél	Utan opn. tíma
Almannaflog (GENERAL AVIATION)	421	39	0,1	1	606	45	0,1	0	878	239	0,3	0	913	410	0,4	1	267	177	0,7	0
Zja hreyfia vélar / teg. flugs																				
Almannaflog (GENERAL AVIATION)	215	40	0,2	0	313	95	0,3	2	437	209	0,5	2	431	402	0,9	1	153	20	0,1	0
Dotur / teg. flugs																				
Almannaflog (GENERAL AVIATION)	347	316	0,9	5	532	765	1,4	4	777	1.438	1,9	5	659	1.444	2,2	3	234	381	1,6	0
Dyrla / teg. flugs																				
Leiguflog (CHARTER FLIGHTS)	1.606	5.300	3,3	0	6.905	28.494	4,1	0	5.822	22.741	3,9	0	9.114	37.378	4,1	4	3.771	15.281	4,1	1
Almannaflog (GENERAL AVIATION)	27	54	2,0		18	39	2,2	0	23	45	2,0		24	32	1,3		13	67	5,2	0
	1.633	5.354	3,3	0	6.923	28.533	4,1	0	5.845	22.786	3,9	0	9.138	37.410	4,1	4	3.784	15.348	4,1	1

Fylgiskjal II.

Þjónustugjöld innheimt af loftförum.

www.althingi.is/altext/pdf/154/fylgiskjol/s2257-f_II.pdf